

fleka skal á þessum skipum vera sem hér segir: Tvær litlar árar, lítið vatns- 94
kvartil, korkdufl með veifu, og sé stöngin um 2 m. á lengd, bátfesti og tvö góð 15. maí
rafmagns vasaljós í vatnsheldum umbúðum.

8. Skipum, sem eru í innfjarðasiglingu, eða í förum milli tveggja hafna innan land-
helgi, getur skipaskoðunarstjóri þegar ástæða þykir til, og það vegna framkom-
inna upplýsinga virðist rétt og sanngjarnt að gerðar séu vægari kröfur en gerðar
eru í þessari grein, að einu eða öllu leyti veitt tilslakanir frá þeim.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 78 11. júní 1938, um eftirlit með
skipum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

95

um fiskveiðasjóð Íslands.

15. maí

Samkvæmt lögum 2. apríl 1943, um fiskveiðasjóð Íslands, eru hér með sett eftir-
farandi ákvæði um starfsemi sjóðsins.

I. KAFLI

Um lánveitingar gegn fyrsta veðrétti í skipum, iðjufyrirtækjum í sambandi við
fiskveiðar, og dráttarbrautum.

1. gr.

Fiskveiðasjóður lánar fyrst og fremst til nýrra skipa eða fyrirtækja, en út á eldri
eignir því aðeins, að sýnt sé, að nægilegt fé sé fyrir hendi í sjóðnum.

2. gr.

Um lán út á skip gilda þessar reglur sérstaklega:

1. Lán eru einungis veitt út á skip, sem skrásett eru á Íslandi og ætluð til fiskveiða.
2. Lánbeiðandi skal leggja fram eignar- og veðbókarvottorð og skipasmíðaskírteini.
3. Sé skipið smíðað erlendis, skal leggja fram vottorð skipaskoðunarstjóra ríkis-
ins um að skipið fullnægi ákvæðum gildandi laga um eftirlit með skipum, hvað
styrkleika og útbúnað snertir.
4. Hvert það skip, sem óskað er láns út á, skal skoðað og virt af tveimur óvilhöllum
mönnum, eftir nánari fyrirmælum fiskveiðasjóðs og leggur sjóðurinn til eyðu-
blöð í þessu skyni, en lánbeiðandi greiðir skoðunarmönnum þóknun fyrir
starf þeirra.
5. Virðingarupphæðin er ekki bindandi fyrir stjórn sjóðsins við ákvörðun láns-
fjárhæðar.
6. Sérhvert skip, sem láns nýtur úr fiskveiðasjóði, skal vátryggt almennri vátrygg-
ingu, en að auki getur sjóðurinn krafizt þess, að skipin séu tryggð sérstakri vá-
tryggingu þegar sérstaklega stendur á, t. d. á stríðstímum gegn stríðsáhættu.

3. gr.

Þegar sótt er um lán út á iðjufyrirtæki (í sambandi við fiskveiðar) eða dráttar-
brautir, skal lánbeiðandi leggja fram:

1. eignar- og veðbókarvottorð, svo og lóðarsamning eða skilríki fyrir lóð fyrir-
tækisins;

- 95 2. skoðunar- og virðingargerð, framkvæmda af tveim óvilhöllum mönnum, eftir
15. maí fyrirmælum fiskveiðasjóðs og skal í skoðunargerðinni geta þess sérstaklega
hver séu meðalafköst fyrirtækisins. Virðingarupphæðin er ekki bindandi fyrir
stjórn sjóðsins við ákvörðun lánsfjárhæðar;
3. skýrslu um stofnkostnað fyrirtækisins;
4. áætlun um ársrekstur fyrirtækisins og afkomu, miðað við meðalár og allar að-
stæður á staðnum;
5. váttryggingarskirteini eða óyggjandi vottorð um váttryggingu.

II. KAFLI

Um lán út á 2. eða 3. veðrétt í fiskiskipum.

4. gr.

Um annars eða þriðja veðréttarlán út á fiskiskip gilda einnig reglur þær, sem tilgreindar eru í 2. gr.

5. gr.

Lánbeiðandi skal leggja fram:

1. efnahagsreikning sinn;
2. vottorð skattstjóra, bæjarstjóra eða oddvita um hver verið hafi aðalatvinna lán-
beiðanda undanfarin tvö ár;
3. vottorð skipasmíðastöðvar þeirrar, sem skipið byggði, um:
 - a. hvenær smíði skipsins var hafin og hvenær henni var lokið og skipið allt
tilbúið;
 - b. hvert varð heildarverð skipsins með ísettum vélum.

6. gr.

Hafi skipið ekki verið byggt fyrir lánbeiðanda, skal hann leggja fram staðfest
afrit af afsali og sanna hvert var kaupverð skipsins.

7. gr.

Í skuldabréfum þeim, er sjóðurinn tekur fyrir lánnum veittum samkvæmt þessum
kafla, skulu vera ákvæði um að lánið, eða eftirstöðvar þess, sé allt fallið í gjalddaga
ef skipið er selt.

Heimilt er þó að láta lánið, eða hluta af því, standa áfram, enda sé þá gefið út
nýtt skuldabréf fyrir láninu, og beri útlánsvexti sjóðsins frá söludegi.

III. KAFLI

Um styrkveitingar til kaupa og byggingar nýrra fiskiskipa.

8. gr.

Umsóknnum um styrk úr sjóðnum skulu fylgja skýrslur þær og vottorð, sem til-
greind eru í 2. gr. 1—3 og 5. og 6. gr.

9. gr.

Styrkur til greiðslu byggingarkostnaðar fullgerðra skipa eða til kaupa á fullgerð-
um skipum skal, eftir því sem við á, greiddur skipasmíðastöðinni, seljanda, veðhöfum
eða á annan hátt til niðurfærslu skulda á skipinu. Styrk til byggingar skipa skal
eigi greiða fyrr en verðmæti skipsins nemur tvöfaldri styrksupphæðinni.

10. gr.

Hver sá, sem styrk fær, skal undirrita skuldbindingu um, að ef hann selji skipið innan fimm ára eða ef það ferst á þeim tíma, skuli styrkurinn endurgreiddur. Skal þinglesa skuldbindingu þessa í þeirri þinghá, þar sem skipið er skrásett. Sjóðstjórnin getur þó með samþykki ráðuneytisins fallið frá þessum ákvæðum þegar sérstaklega stendur á.

95

15. maí

IV. KAFLI

Um útborganir lána og styrkja vegna skipa í smíðum.

11. gr.

Ef útgerðarmaður eða útgerðarfélag, sem á fiskiskip í smíðum, óskar eftir að fá fyrirhuguð lán eða styrk útborguð, að nokkru leyti, á meðan á smíði stendur, skal hann leggja fram:

1. skjöl þau, er um ræðir í 5. gr. 1—2;
2. samning sinn við skipasmíðastöðina;
3. skilríki fyrir því, að ekki muni verða vöntun á neinu efni til skipsins eða vélum í það;
4. skilríki fyrir því, að nægilegt fé verði fyrir hendi til þess að greiða skipið að fullu.

12. gr.

Fyrir fram útborgun áætlaðra lána og styrkja fer fram með þeim hætti, að umsækjandi gefur út skuldabréf fyrir þeim upphæðum, sem hann fær útborgaðar og veðsetur skipið í smíðum og allt efni í það, svo og vélar, með fyrsta veðrétti, til tryggingar hinum útborguðu upphæðum.

Um leið og útborgun fer fram, skal umsækjandi sanna, að allt fyrirbyggjandi efni og vinna, sem þegar hefur verið framkvæmd, sé að fullu greitt.

Skip í smíðum, ásamt efni og vélum í það, sem veðsett er fiskveiðasjóði, skal brunatryggja og afhenda sjóðnum skírteinið, enda hefur hann einnig veð í váttryggingarfénu.

13. gr.

Af þeim hluta hinna útborguðu upphæða, sem ætlað er að verði síðar venjulegt fyrsta veðréttarlán í skipinu, skal reikna útlánsvexti frá útborgunardegi.

Sá hluti hinna útborguðu upphæða, sem ætlað er að verði styrkur, telst vaxtalaust lán þar til skipið er fullsmíðað.

Gjalddaga skuldabréfanna skal hafa eftir því sem haganlegast þykir í sambandi við fullnaðarsmíði skipsins.

14. gr.

Verði óvanalegur dráttur á því að lokið sé við smíði skips eða komi í ljós, að skipið verði ekki fullsmíðað innan hæfilegs tíma, eða verði eigandaskipti að því, þá er heimilt að telja skuldabréfin þegar fallin í gjalddaga og krefjast endurgreiðslu þeirra að fullu.

V. KAFLI

Um stjórn og rekstur fiskveiðasjóðs Íslands.

15. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun og er yfirumsjón hans í höndum þess ráðherra, er fer með sjávarútvegsmál.

95
15. maí

Útvegsbanki Íslands h.f. hefur á hendi stjórn sjóðsins, gegn sérstakri þóknun eftir samningi við ráðherra.

16. gr.

17. gr.
Fiskveiðasjóður Íslands hefur sérstaka skrifstofu í Reykjavík, sem opin er til afgreiðslu á venjulegum bankatíma.

Sjóðurinn getur ráðið sér umboðsmenn út um land ef þurfa þykir.

18. gr.

Bókhaldi hvorrar lánadeildar sjóðsins skal haldið aðskildu, svo og bókhaldi yfir styrkveitingar sjóðsins.

Töþ, sem verða kunna á útlánum sjóðsins, skal afskrifa af tekjum hlutaðeigandi lánadeildar.

19. gr.

Laun sjóðstjórnar, endurskoðenda og starfsmanna, svo og húsaleiga og annar kostnaður við reksturinn, greiðist af vaxtatekjum sjóðsins.

Vaxtaafgangur leggst við stofnsjóð hlutaðeigandi lánadeildar við hver árslok.

20. gr.

Ráðherra skipar tvo endurskoðendur fyrir sjóðinn, til 5 ára í senn.

Þeir skulu endurskoða alla bókfærslu sjóðsins og aðgæta hvort farið er eftir ákvæðum gildandi laga og reglugerðar um veitingu lána og styrkja úr sjóðnum.

Endurskoðendur hafa, báðir saman eða hvor í sínu lagi, frjálsan aðgang að öllum bókum og skjölum sjóðsins, hvenær sem er.

Endurskoðaðan ársreikning sjóðsins og skýrslu um starfsemi hans undanfarið ár, skal senda ráðherra fyrir 15. marz ár hvert.

Ársreikninginn skal sjóðstjórnin birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

21. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar verða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um fiskveiðasjóð Íslands, útgefin 12. marz 1931.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. maí 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.